



RANGÁRÞING YTRA

BREYTING AÐALSKIPULAGS

Vindrafstöðvar í Þykkvabæ

Lýsing



STEINSHOLT

04.11.2016

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
2	LÝSING VERKEFNIS	4
3	UMHVERFISÁHRIF	5
3.1	Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum	5
3.2	Umhverfispættir	5
3.3	Helstu umhverfisviðmið.....	6
3.4	Áhrifapættir.....	9
4	BREYTING AÐALSKIPULAGS.....	10
4.1	Staða aðalskipulags	10
4.2	Breyting aðalskipulags	10
5	SAMRÁÐ OG KYNNING	10

Forsíða: Vindmylla í Bykkvabæ, ágúst 2014.

1 INNGANGUR

Sveitarfélagið vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 vegna áforma um að reisa allt að 13 vindrafstöðvar auk tengivirkis norðan Þykkvabæjar.

Breytingin tekur til svæðis sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi en verður eftir breytingu skilgreint sem iðnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir breytingu bæði á sveitarfélagsupprætti auk breytinga á greinargerð.

Meginmarkmið sveitarstjórnar með breytingunni er að efla þá orkuöflunarmöguleika sem eru í sveitarfélaginu.


Í greinargerð verða áhrif aðalskipulagsbreytingar skoðuð út frá 0-kosti, þ.e. núverandi stöðu í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin verður metin út frá áhrifum á eftirtalda þætti:

- Náttúru; landslag, ásjúnd, dýralíf og gróður.
- Samfélag; efnahag, atvinnu, útivist, ferðamennsku, byggð, landnotkun.
- Heilsu og öryggi; mengun, náttúruvá, grunnvatn, umferðaröryggi, hljóðvist.
- Minjar; menningarminjar, náttúruminjar, verndarsvæði.

Lýsing þessi er unnin skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um lýsingu á skipulagsverkefni og áherslur sveitarstjórnar.

Lýsingin verður afgreidd af sveitarstjórn áður en hún verður kynnt íbúum með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Samhliða því verður hún send Skipulagsstofnun og til annarra umsagnaraðila.

Framkvæmdin er matsferli, í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.



Mynd 2 –Staðsetning vindrafstöðva (rauður fláki) sett inn á aðalskipulagsupprætti.

2 LÝSING VERKEFNIS

Vindorka hefur lítið verið nýtt hérlandis nema helst með litlum heimarafstöðvum. Áhugi er á að skoða slíka orkuöflun í mun meira mæli en verið hefur og hagkvæmni hennar, m.a. til að samnýta með annars konar orkuöflun.

Áætlað er að reisa allt að 13 vindrafstöðvar norðan Þykkvabæjar sem gert er ráð fyrir að geti framleitt samanlagt allt að 45 MW.


Lýsing svæðis

Framkvæmdasvæðið liggur skammt norðan við Þykkvabæ, flatt og nær algróið. Á öldum áður voru þarna árfarvegir en þá rann Þverá/Rangá og jafnvel hluti Markarfljóts þarna um vestur í Þjórsá.

Svæðið er graslendi og jafnvel deiglendi á köflum enda svæðið flatlent og liggur lágt. Aðliggjandi land er allt fremur flatlent og mjög víðsýnt er á svæðinu.

Framkvæmdasvæðið er alls um 193 ha. Útmörk þess eru í rúmlega 1 km fjarlægð frá þéttbýlinu í Þykkvabæ og tæplega 10 km frá Hellu. Þau býli sem næst liggja eru býli í Þykkvabæ en einnig má nefna Ártún/Bakkakot ásamt Grímsstöðum/Efri-Hól og Þúfu en allir þessi bæir eru austan Hólsár, Vetleifsholtshverfið, Háfshverfið og Bjólu/Bjólujáleigu/Hrafntóftir en öll þessi býli eru á bilinu 2 til 5 km frá útmörkum fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Þá liggja skilgreind frístundasvæði og stök sumarhús mun nær væntanlegu framkvæmdasvæði.



Mynd 3 – Fjarlægðir frá fyrirhugðu framkvæmdasvæði.

Fyrirhuguð framkvæmd

Gert er ráð fyrir að reisa allt að 13 vindrafstöðvar á svæðinu. Hæð masturs verður allt að 92,5 m í miðju hverfils og þvermál snúningsflatar getur verið allt að 130 m. Mesta hæð vindrafstöðvar er allt að 149 m.

Vegtenging inn á framkvæmdasvæðið verður af Þykkvabæjarvegi (nr. 25) og lagðir verða malarvegir innan svæðis á milli vindrafstöðvanna. Þá verður skoðað með mögulegt aðgengi almennings að svæðinu m.a. til fræðslu og útivistar.

Ekki liggur fyrir hvaða námur verða nýttar til vegagerðar eða við gerð vinnuplana undir vindrafstöðvar.

Lagður verður jarðstrengur með vegsvæðum á milli vindrafstöðvanna og í tengivirki sem byggt verður innan svæðis í tengslum við framkvæmdina. Tenging við flutningskerfi raforku verður með 66 kV jarðstreng sem lagður verður í tengivirki við Hellu. Lagnaleiðin liggur ekki fyrir.

Unnið verður deiliskipulag fyrir framkvæmdina og framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Gert er ráð fyrir að land utan vega og vinnuplana verði áfram nýtt til landbúnaðar, s.s. sem beitiland.

Nokkru sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði eru tvær vindrafstöðvar, sem eru allt að 75 m háar en þar er hæð í miðju hverfils um 53 m. Þær voru reistar árið 2013.

3 UMHVERFISÁHRIF

Vinsun áhrifaþátta er hefðbundin aðferð til að greina þá áhrifaþætti sem mestu skipta. Við mat áhrifa framkvæmd hefur slík vinsun farið fram og þar er ákvarðað hvaða umhverfisþættir eru valdir til umfjöllunar.

3.1 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í 6. gr. laga um umhverfismat nr. 106/2000 er kveðið á um þær framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Viðauki 1 vísar til 6. gr. um framkvæmdir sem kunna að vera háðar umhverfismati: „3. orkuíðnaður 3.02. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira“

Fyrirhuguð framkvæmd er því matsskyld og umhverfismat framkvæmdar er í vinnslu. Þá verða einnig metin helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar við gerð breytingarinnar, í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og gerð grein fyrir þeim í tillögu að breyttu aðalskipulagi, með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum.

3.2 UMHVERFISÞÆTTIR

Meginmarkmið sveitarstjórnar með breyttu aðalskipulagi er að efla orkuöflun í sveitarfélaginu. Almennt er horft til hvaða áhrif viðkomandi framkvæmd hefur á efnahag og atvinnulíf svæðisins. Þá er horft til hvort framkvæmdin kunni að hafa áhrif á þróun fólksfjölda og þar með á byggð í sveitarfélaginu.

Helstu breytingar og áhrif þeirra verða metin.

- *Náttúra; dýralíf og gróður.* Metin eru áhrif á landslag þ.m.t. sjónræn áhrif, áhrif á náttúrufar og jarðmyndanir, dýralíf og gróður. Þá er horft til hvaða áhrif framkvæmdin muni hafa til langs tíma á umhverfisþætti s.s. kolefnisbúskap.

- *Samfélag; efnahagur, atvinna, útivist, ferðamennska, byggð, landnotkun.* Horft er til áhrifa á samfélagið í heild og hvort framkvæmd stefnunnar komi til með að afla tekna fyrir samfélagið, fjölga atvinnutækifærum, styrkja byggð, bæta lífsgæði íbúa á svæðinu, og efla þjónustu við íbúa og ferðamenn.
- *Heilsa og öryggi; mengun, náttúruvæðing, grunnvatn, umferðaröryggi og hljóðvist.* Skoðað er hvort hættu er á mengun af völdum stefnunnar, hvort hún hafi áhrif á umferðaröryggi eða heilsufar íbúa og ferðamanna m.a. með tilliti til möguleika til útivistar. Engin búseta er á svæðinu en horft er til hljóðvistar vegna nálægrar byggðar og frístundahúsa.
- *Minjar; menningarminjar, náttúruminjar, verndarsvæði.* Metið er hvort minjum eða verndarsvæðum stafi hættu af stefnu skipulagsins.

3.3 HELSTU UMHVERFISVIÐMIÐ

Helstu viðmið sem horft er til þegar metin eru áhrif á umhverfispætti eru stefnumörkun sem fram kemur í lögum og reglugerðum sem og alþjóðasamningar. Þá er horft til stefnu ríkis og sveitarfélaga sem m.a. kemur fram í aðalskipulagi sveitarfélaganna og hinum ýmsu verndaráætlunum.

Í töflu hér að neðan eru teknar saman þær stefnumarkanir sem lagðar eru til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar. Þess ber þó að geta að listinn er ekki tæmandi. Þessar stefnumarkanir eru notaðar sem viðmið til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagsbreytingin hefur í för með sér.

Stefna	Samræmi aðalskipulags við stefnur og áætlanir	Markmið í stefnum og áætlunum
Lög		
Lög um umhverfismat áætlana. nr. 105/2006	Við áætlanagerð skal taka tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.	1 gr. Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
Skipulagslög nr. 123/2010	Landnýting sé í sátt við náttúruna.	1. kafli, 1. gr. b-liður. Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Áhersla er á að varðveita náttúruminjar, fornleifar og aðrar sögu-minjar, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu. Þetta verði m.a. gert með skráningu og merkingu minja.	Tilgangur laga þessara skv. 1. gr. er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspillt um til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar

		segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna verk eru á.
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	Stuðlað verði að verndun lands og góðri umgengni samhliða því að fólki verði gert kleift að njóta þessara verðmæta. Ganga skal vel frá mannvirkjum og að þær taki mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi.	Markmið laganna skv. 1. gr. er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: eldvörp, gervigígar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfitjar og leirur. Samkvæmt 69. gr eiga mannvirki að falla sem best að svipmóti lands.
Jarðalög nr. 81/2004	Gert er ráð fyrir að góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.	Markmið skv. 1. gr. er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Reglugerðir		
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Að jafnaði eru ekki heimilaðar byggingarframkvæmdir á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.	Gr. 1. Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	Sett eru fram verndarákvæði til varnar mengunar.	Gr. 1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.
Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001	Lögð er áhersla á að tryggja vatnsgæði til framtíðar og að nægt framboð sé af neysluvatni fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.	Gr. 2. Markmiðið er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.
Önnur stefnumörkun		

Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020	Gert er ráð fyrir að landnýting sé í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.	Kaflí 1, Heilnæmt andrúmsloft. Íbúar búi við heilnæmt andrúmsloft og loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki. Kaflí 2, Hreint og heilnæmt ferskvatn. Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni til neyslu og annarra nytja. Mengun í ám og vötnum verði svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi. Kaflí 5, Útivist í sátt við náttúruna. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Kaflí 7, Vernd lífríkis Íslands. Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Kaflí 8, Vernd sérstæðra jarðmyndana. Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu. Kaflí 11. Sjálfbær gróðurnyting og endurheimt landgæða. Auðlindir landsins í jarðvegi og gróðri verði nýttar á sjálfbæran hátt. Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols. Unnið verði að landgræðslu og hraðfara jarðvegseyðing stöðvuð. Nytjaskógar verði til að efla byggð og atvinnu og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins. Kaflí 12. Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa. Endurnýjanlegar orkuauðlindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Kaflí 17. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Öll nýting náttúrunnar fari fram á sjálfbæran hátt. Við framkvæmdir verði neikvæðum áhrifum á vistkerfi haldið í lágmarki.
Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnar	Nokkur svæði eru á náttúruminjaskrá eða undir hverfisvernd. Heimild er fyrir byggingu vindrafstöðva og sólarsella að ákveðinni stærð.	Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar. Ísland hefur sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Lögð er áhersla á að náttúruvernd og nýting náttúrunnar fari saman.
Aðalskipulag Ása-hrepps 2010 - 2022	Samræmi er milli aðalskipulaganna á sveitarfélagamörkum.	
Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012 - 2024	Samræmi er milli aðalskipulaganna á sveitarfélagamörkum.	
Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjaskrá	Náttúruverndarsvæði eru sýnd á skipulagsuppdráttum og umfjöllun um þau í greinargerð.	Í náttúruverndaráætlun og Náttúruminjaskrá eru afmörkuð sérstök svæði m.t.t. náttúru-fars og mörkuð stefna um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Safamýri er skammt norðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði og er á náttúruminjaskrá. Votlendi sunnan Flóðkeldu og Mýrarskurðar

		að Kálfalæk, ásamt Frakkavatni og Kringlu-tjörn. Að sunnan liggja mörk um Þríkeldur og Hesthólma. Gróðurmikil vötn og mýrlendi. Mikilvægur viðkomustaður farfugla.
Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026	Góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar. Unnið verður að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.	Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaþróun. Ekki verði gengið að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Stuðlað verði að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. Landnotkun stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.
Samningar		
Ramsar samningur um votlendi	Nokkur votlendissvæði eru sett undir hverfisvernd.	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Með því að staðsetja framkvæmdir utan verndarsvæða er verið að vernda líffræðilega fjölbreytni.	Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.
Rammasamningur SP um loftslagsbreytingar	Skógrækt og landgræðsla stuðla að bindingu kolefnis í jarðvegi. Framleiðsla matvæla í heimabyggð dregur úr útblæstri vegna flutninga á matvælum.	Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.
Parísarsamkomulagið	Skógrækt og landgræðsla stuðla að bindingu kolefnis í jarðvegi. Framleiðsla matvæla í heimabyggð dregur úr útblæstri vegna flutninga á matvælum.	Parísarsamkomulagið skyldar þær 195 þjóðir sem skrifuðu undir til að vinna saman að því að halda hnattrænni hlýnun af mannavöldum innan 2°C marksins, með aukamarkmið að reyna að stefna að því að halda því innan 1,5°C. Það inniber líka að það þarf að stoppa aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og hægt er og ná jafnvægi á milli losunar og bindingar.

3.4 ÁHRIFABÆTTIR

Vinsun áhrifaþátta er aðferð til að greina þá þætti sem mestu skipta og þar með er ákvarðað hvaða umhverfispættir (kafla 3.2) eru valdir til umfjöllunar við mat áhrifa.

Gerð er grein fyrir umhverfispáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Við matið verður notast við þær

skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu 2 hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfispátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt
Óviss	?	Óviss áhrif á umhverfispátt

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa.

Metin verða áhrif þess að halda óbreyttri stefnu (0 – kostur) eða gera ráð fyrir uppsetningu allt að 13 vindrafstöðva, samtals allt að 45 MW ásamt byggingu tengivirkis, lagningu vega um svæðið og lagningu 66 kV jarðstrengs í tengivirki við Hellu.

4 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Rangárþing ytra vinnur að textabreytingu á greinargerð aðalskipulags þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum við uppsetningu vindrafstöðva. Gerð verður breyting á aðalskipulagsuppdætti sveitarfélagsins þar sem viðkomandi svæði verður skilgreint sem iðnaðarsvæði fyrir vindrafstöðvar en einnig verði möguleikar á annarri landnýtingu sem fellur vel að þessar nýtingu s.s. til útivistar og/eða landbúnaðar.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum kemur fram sbr. viðauka 1 að; „3.24. Stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafl eða meira“ falla í flokk B, þ.e. framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Fyrirhuguð framkvæmd er háð mati á umhverfisáhrifum og er sú vinna hafin.

4.1 STAÐA AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 – 2022 var staðfest 2. febrúar 2011. Þar er svæðið skilgreint sem langbúnaðarsvæði.

4.2 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Í breyttu aðalskipulagi er gert ráð fyrir að um 193 ha skammt norðan Þykkvabæjar verði skilgreindir sem iðnaðarsvæði. Þar verði heimiluð raforkuframleiðsla, allt að 13 vindrafstöðvum með framleiðslugetu allt að 45 MW. Svæðið verður að stórum hluta áfram nýtt til landbúnaðar og einnig til útivistar.

5 SAMRÁÐ OG KYNNING

Lýsing aðalskipulagsbreytingarinnar verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins í nóvember 2016. Lýsingin verður send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hún verður auk þess send til umsagnar á Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Orkustofnun, Samgöngustofu, Ásahrepp og Rangárþingi eystra, samhliða kynningu.

Gert er ráð fyrir að lýsing vega aðalskipulagsbreytingar verði kynnt og send til umsagnaraðila í nóv. / des. 2016.

Aðalskipulagsbreyting verður unnin í janúar/febrúar 2017 og gert ráð fyrir að hún verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í lok febrúar áður en hún verður tekin til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Gert er ráð fyrir auglýsingu breytingartillögu í mars/apríl og starfestingu tillögunnar í maí 2017.